

Öryggisblað (SDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 888/2015 (Reglugerð EB Nr. 1907/2006 REACH)

1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

- 1.1 Vörukenni: **Förch Bremsudælufeiti S439**
Vörunúmer: **349 6540 5260 180 g**
- 1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:
Viðeigandi notkun Feiti fyrir bremsukerfi.
Notkun sem ráðið er frá Engar upplýsingar fyrirbyggjandi.
- 1.3 Söluaðili: **AB Varahlutir ehf.** Framleiðandi: Theo Förch GmbH
Funahöfða 9 D-74196 Neuenstadt
110 Reykjavík Þýskalandi
Sími: 567 6020 00-49-7139/95-0
Netfang: ab@ab.is info@foerch.de
Veffang: www.ab.is www.foerch.com
- 1.4 Neyðarsímanúmer: Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.

2. Hættugreining

- 2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:
Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):
Varan er ekki flokkuð sem hættuleg.
- 2.2 Merkingaratriði:
Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):
- | | |
|-------------------|---------------------------------------|
| Hættumerki | Engin. |
| Viðvörðunarorð | Ekkert. |
| Hættusetningar | Engar |
| Varnaðarsetningar | P102 Geymist þar sem börn ná ekki til |
- 2.3 Aðrar hættur: Varan inniheldur engin efni sem flokkast sem PBT eða vPvB.
(PBT: Þrávirkt, safnast upp í lífverum, eitrað. vPvB: Afar þrávirkt, safnast mjög fyrir í lífverum).
Sjá einnig 11. og 15. lið.

3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

- 3.1 Efni: Á ekki við
- 3.2 Blöndur: Smurfeiti með aukefnum. Inniheldur sápu.

| - | | | |
|-----------------------------|---|-----------------------|---|
| Skráningarnúmer ECHA | - | Innihald % | - |
| Raðnúmer | - | Varnaðarmerki: | - |
| EINECS, ELINECS | - | H-setningar | - |
| CAS | - | Flokkun, hættumerking | - |
| Hættuflokkun/Hættusetningar | - | | |

Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið.

4. Ráðstafanir í skyndihjálpi

4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi:

| | |
|-------------------|--|
| Innöndun | Haldið hinum slasaða rólegum og heitum. Tryggið ferskt loft. Leitið lækni ef einkenni hverfa ekki fljótt. |
| Snerting við húð | Hreinsið húð vandlega með sápu og miklu vatni. Fjarlægið mengaðan fatnað og skó, og hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. |
| Snerting við augu | Skolið varlega með miklu vatni og haldið augum vel opnum. Fjarlægið augnlinsur fyrir skolun. Leitið lækni ef einkenni hverfa ekki fljótlega. |
| Inntaka | Ráðlagt er að leita lækni. Sýnið öryggisblaðið. |

4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin:

Sjá liði 4.1 og 11. Ofnæmisáhrif eru hugsanleg. Einkennum gæti seinkað í vissum tilvikum.

4.3 Upplýsingar um tafarlausa læknumönun og sérstaka meðferð sem þörf er á:

5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

5.1 Slökkvibúnaður:

| | |
|---------------------------|---|
| Hentugur slökkvibúnaður: | Koldíoxíð, alkóhólþolin froða, slökkviduft, vatnsúði, kælið umbúðir með vatnsúða. |
| Óhentugur slökkvibúnaður: | Beinn vatnsgeisli. |

5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:

Kolmónoxíð, koldíoxíð, eitraðar og ertandi gufur geta myndast við bruna.

5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Forðist innöndun gufu og reyks við bruna. Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað við mikinn eldsvoða. Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6.lið og fargið skv.13.lið.

6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysi

6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist snertingu við húð og augu. Varan gæti myndað hálkubletti.

6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Stöðvið leka sé það unnt án áhættu. Forðist losun í niðurföll, jarðveg og vatnsumhverfi. Tilkynnið Umhverfisstofnun um mengunarslys.

6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Notið ísogsefni svo sem sand, kísilgúr eða jarðveg. Setjið í þar til gerð ílát og fargið sbr. 13.lið. Hreinsið mengað svæði með miklu vatni.

6.4 Tilvísun í aðra liði:

Sjá lið 8. um persónuhlífar og lið 13. um förgun.

7. Meðhöndlun og geymsla

7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist snertingu við húð og augu. Reykið ekki. Fylgið leiðbeiningum á umbúðum. Gætið hreinlætis við meðferð efnavara. Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið. Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt.

7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið ekki á gönguleiðum eða stigum. Geymið í vel luktum upprunalegum umbúðum við herbergishita á köldum, þurrum, vel loftræstum stað. Geymið fjarri oxurum.

7.3 Sértek, endanleg notkun:

Engar upplýsingar eru fyrirleggjandi.

8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

8.1 Takmörkunarfæríbreytur:

8.2 Váhrifavarnir:

Tæknileg atriði

Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum. Sé þetta ekki nægilegt til að halda styrk undir viðmiðunarmörkum, ætti að nota öndunarbúnað. Það á aðeins við séu viðmiðunarmörk gefin upp í þessum lið.

Persónuhlífar

Hreinsið húð vandlega eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði.

Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörinni fjarri matvörum.

Augnhlífar

Notið hlífðargleraugu af viðurkenndri gerð með hlífðarvörn (EN 166)

Húð - hendur

Notið olíuhelda hanska úr nitrílgúmmí (EN 374).

Notið hanska ekki lengur en 50% af uppgefnum gegnstreymistíma. Notið verndarkrem á hendur.

Athugið leiðbeiningar framleiðanda og gegnstreymistíma hanska. Skiptið oft um hanska.

Húð - annað

Mælt er með notkun langerma vinnufatnaðar (EN 20345).

Öndunarfæri

Almennt er ekki nauðsynlegt að nota öndunarhlífar.

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

| | | | |
|----------------------|-------------------------------|--------------------|------------------|
| Eðlisástand: | Deigkennt/seigfljótandi vökvi | | |
| Lykt: | Einkennandi | | |
| Litur: | Ljósbrúnn | | |
| Bræðslumark: | 180°C | | (IP 396) |
| Suðumark: | - | | |
| Blossamark: | 240°C | | (ISO 2592) |
| Eðlismassi við 20°C: | 1,00 | g/cm ³ | (DIN 51757) |
| Vatnsleysni: | Óleysanlegt | | |
| Seigja (40°C): | 120 | mm ² /s | (DIN 51562 olía) |

9.2 Aðrar upplýsingar:

10. Stöðugleiki og hvarfgirni

10.1 Hvarfgirni:

Varan hefur ekki verið prófuð. Sjá einnig liði 10.4 til 10.6.

10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:

Stöðugt við venjulega notkun og meðferð. Sjá einnig liði 10.4 til 10.6.

10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:

Sjá liði 10.4 til 10.6.

10.4 Skilyrði sem ber að varast:

Hlífið gegn raka og upphitun.

10.5 Ósamrýmanleg efni:

Sterkir oxarar, sterkar sýrur, súrefni.

10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:

Kolmónoxíð, koldíoxíð, eitraðar og ertandi gufur geta myndast við bruna.

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

6540 5260 FÖRCH Bremsudæluþeiti S439 180 g

| | Gildi | Niðurstaða | Eining | Dýrateg/Aðferð | Athugasemdir |
|-----------------|-------|------------|--------|----------------|--------------|
| Húðæting/erting | | Væg erting | | kanína | |

12. Vistfræðilegar upplýsingar

12.1 Eiturhrif:

6540 5260 FÖRCH Bremsudæluþeiti S439 180 g

| | Gildi | Niðurstaða | Tími | Dýrategund | Aðferð |
|------------------------|-------|------------|------|------------|--|
| Právirgni og niðurbrot | | | | | Brotnar treglega niður í náttúrunni. |
| Annað | | | | | Inniheldur ekki AOX efni (lífræn efni með halogenum sem geta aðsogast) |

13. Förgun

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

| | |
|-------------------------|--|
| Vara | Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir vandlega. Skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang er varan í eftirfarandi flokkum: 12 01 12 (notað vax og feiti) |
| Óhreinar umbúðir | Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa. Hreinar umbúðir má endurvinna. Umbúðir má hreinsa með vatni. Skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang er varan í eftirfarandi flokkum: 15 01 01 (pappírs- og pappambúðir) 15 01 02 (plastumbúðir) 15 01 04 (málmumbúðir) |

14. Upplýsingar um flutninga

| | |
|--------------|--|
| ADR: | Varan flokkast ekki sem hættulegur farmur. |
| IMDG: | Varan flokkast ekki sem hættulegur farmur. |
| IATA: | Varan flokkast ekki sem hættulegur farmur. |

15. Upplýsingar varðandi regluverk

13.1 Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Varan fellur undir eftirfarandi reglugerðir: 1907/2006 (REACH), 1272/2008 (CLP), Íslenskar reglugerðir 888/2015 og 415/2014 (CLP), með síðari breytingum.

13.2 Efnaöryggismat: Efnaöryggismat á efnablöndum liggur ekki fyrir.

16. Aðrar upplýsingar

Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

Engar.

Útgáfa: 2
Dags: 04.11.2019

Öryggisblað þetta er þýtt af Gunnari Þórðarsyni efnaverkfræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi. Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda. Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir. Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild:

THEO FÖRCH GmbH:
Safety data sheet according to Regulation (EC) No 1907/2006, Annex II
6540 5260 FÖRCH Brake Cylinder Paste S439

Útgáfa: 25.09.2015 / 0005